

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Laxárdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Búðardal samkvæmt samþykkt um takmörkun á hundahaldi í Laxárdalshreppi nr. 115/1989, skal vera kr. 500 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir upphafstímabilið til reglulegs gjalldaga árgjalds, sem er 1. mars ár hvert. Árgjaldið greiðist einnig fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar næsta ár.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 49/1986 með síðari breytingum fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra.

1. gr.

3. málsg. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. málsg. 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 500
2. flokkur kr. 21 000
3. flokkur kr. 42 000
4. flokkur kr. 63 000